

Fundur í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 18.11.11

Fundurinn var haldinn í síma. Á línunni voru: Elín Heiða Valsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Skúlason, Karl Ölvirsson, Snorri Baldursson. Forföll: Ástvaldur Guðmundsson

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar frá 28.09.11 var samþykkt án athugasemda.

2. Erindi til Vegagerðar vegna Lakavegar.

Snorri sagði frá fundi VJP með Vegagerðinni, sveitarstjóra Skaftárhrepps og fulltrúa frá Kötlujarðvangi á Kirkjubæjarklaustri þann 19.10 sl. Fundarefni var vegabætur á Lakavegi að Galta (F206). Niðurstaða fundarins var að VJP sendi Vegagerð formlegt erindi í bréfi.

Svæðisráð var sammála um nauðsyn þess að lagfæra veginn að Laka og samþykkti fyrirbyggjandi drög að bréfi til Vegagerðarinnar með smávægilegum breytingum sem Snorri mun leiðrétta.

3. Hagsmunaaðilagreining vegna samráðs um Verndaráætlun fyrir nýtt svæði innan Vatnajökulspjóðgarðs

Elín Heiða sagði frá drögum að hagsmunaaðilagreiningu sem hún vann ásamt Snorra og Kára Kr. Svæðisráð var beðið að koma með athugasemdir ef einhverjar væru. Í greininguna vantar Ferðamálasamtök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands og Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi. Hagsmunagreiningin verður sett á heimasíðu merkt sem drög.

4. Verndaráætlanavinna

Elín Heiða kynnti drög að verkferli sem Halldóra Hreggviðsdóttir í Alta vann. Hagsmunaagr. og samráðsferli verður birt á heimasíðu þjóðgarðsins í lok þessa mánaðar. Þá verður gert hlé á verndaráætlunarvinnu fram yfir áramót. Á vinnufundi svæðisráðs á Klaustri mánudaginn 9. janúar verður gengið frá 1. drögum að verndaráætlun og hún síðan tekin fyrir á opnum íbúafundum á Klaustri, Laugalandi í Holtum og í Reykjavík í lok janúar. Á þá fundi verða hagsmunaaðilar með einkunnina 8 eða hærra boðaðir sérstaklega, aðrir með almennum hætti.

Elín Heiða sagði frá fyrsta kynningarfundum vegna verndaráætlunar sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri með helstu hagsmunaaðilum, þ.e. upprekstrarfélögum, Veiðifélagi Skaftárhrepps og Útivist, þann 26.10. sl. Sveitarstjóri var einnig boðaður. Snorri fór yfir efnisatriði kynningarinnar. Hann telur ólíklegt að mikill ágreiningur rísi við verndaráætlunarvinnuna.

5. Önnur mál

Ákveðið að útbúa fréttabréf fyrir vestursvæði og send út í nágrennabyggðum. Þar verður sagt frá framkvæmdum sumarsins og fyrirhugaðri verndaráætlunarvinnu.

Svæðisráð óskar eftir að fá sent eintak af Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

Ítrekuð var ósk um að koma fundargerðum á heimasíðu sem allra fyrst. Ákveðið að svæðisráð fái viku til að gera athugasemdir, eftir þann tíma fari fundargerð á heimasíðu.